

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sementsverksmiðjan

Dagsetning	31.05.2011	Fulltrúi(ar) UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Sementsverksmiðjan	Starfsleyfi, gildir til	31.12.2024
Heimilisfang	Mánabraut 10, 300 Akranesi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	560159-5369	Fulltrúar fyrirtækis	Gunnar H. Sigurðsson
Isat nr.	26.51.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Sementsframleiðsla	64° 19,011'N, 22° 4,806'W	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Rekstraraðili boðar ár hvert fulltrúa Umhverfisstofnunar, eftirlitsaðila, Akraneskaupstaðar og Heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefndar Vesturlands á samráðsfund í samræmi við gr. 4.9 í starfsleyfi fyrirtækisins. Á þessum fundum skal rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi fyrirtækisins. Einnig skal rekstraraðili halda opinn kynningarfund að minnsta kosti á 4 ára fresti þar sem kynna skal árangur verksmiðjunnar í mengunarförum og niðurstöður mælinga úr innra eftirliti og umhverfisvöktun.

Áður en eftirlitið hófst voru ofanefndir fundir haldnir í kaffisal Sementsverksmiðjunnar þar sem vöktunarmál fyrirtækisins voru til umfjöllunar ásamt öðrum málum sem einnig tengjast eftirliti.

Öllum gögnum sem fyrirtækinu ber að skila til Umhverfisstofnunar hafði verið skilað á réttum tíma þegar eftirlitið fór fram.

Ekki var farið í eftirlit inn í verksmiðjuna að þessu sinni enda hefur hún ekki verið mikið í gangi það sem af er á árinu.

FRÁVIK

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu.



Athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

Önnur atriði:

Í síðustu eftirlitsskýrslu frá því 16. desember 2010 voru engar athugasemdir gerðar.

Umhverfisstofnun hefur ekki borist nein kvörtun vegna starfsemi Sementsverksmiðjunnar á þessu á ári og ekki heldur síðasta ári.

Reykjavík, 06/10/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason